



ÚTHLUTUNARREGLUR ÍSÍ VEGNA LOTTÓ

1. grein

Af óskiptu fari:

8% til Afrekssjóðs ÍSÍ

5% til ÍSÍ

17% til útbreiðslustyrks

Útbreiðslustyrkur skiptist þannig

i. Sérsambönd 67%

50% jafnt

10% miðað við iðkendur

40% skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ

ii. Íþróttahéruð 33%

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal úthluta útbreiðslustyrk til héraðssambanda og íþróttabandalaga með það að markmiði að auka jöfnuð á milli þeirra pr. íbúa 18 ára og yngri, þ.e. miðað við hlutdeild þeirra í heildargreiðslum UMFÍ og ÍSÍ.

2. grein

Af því sem þá er eftir:

55% til íþróttahéraða

45% til sérsambanda

3. grein

Hluta íþróttahéraða verði skipt þannig:

30% jafnt - óháð stærð þeirra,

70% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

4. grein

Hluta sérsambanda verði skipt þannig:

15% jafnt - óháð stærð þeirra.

85% eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

5. grein

Ágóði af rekstri Íslenskrar getspár skal notaður til eflingar íþróttar í landinu. Eingöngu má veita ágóðanum til íþróttagreina sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og uppfylla þar með alþjóðlegar lyfjaeftirlitsreglur.

Úthlutunarreglur samþykktar á Íþróttapingi ÍSÍ 2025.

